

Reykjavík, 20. febrúar 2024

Til aðildarfyrirtækja SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

## BOÐUN AÐALFUNDAR SVP – SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Með bréfi þessu er boðað til aðalfundar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu hinn 14. mars 2024 kl. 08:30 í fundarsalnum Hyl, Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

- Ræða formanns SVP
- Skýrsla stjórnar SVP fyrir liðið starfsár
- Reikningar SVP fyrir liðið reikningsár
- Lýst kosningu meðstjórnenda í stjórn SVP
- Lýst kosningu í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins
- Kosning löggilts endurskoðanda SVP
- Breytingar á samþykktum SVP
- Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál

Nánar um einstaka dagskrárlíði:

*Um 2. dagskrárlíð*

Skýrsla stjórnar SVP verður gerð aðgengileg á vefsvæði SVP fyrir fundinn. Á fundinum verður gerð grein fyrir helstu atriðum skýrslunnar.

*Um 3. dagskrárlíð*

Reikningar SVP fyrir reikningsárið 2023 munu liggja fyrir á skrifstofu SVP aðildarfyrirtækjum til skoðunar eigi síðar en frá með 7. mars 2024. Á fundinum verður gerð grein fyrir efni þeirra.

*Um 4. og 5. dagskrárlíði*

Til samræmis við ákvæði 2. másl. 2. mgr. 14. gr. sbr. 2. mgr. 15. gr. samþykktu SVP skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára á aðalfundi SVP 2024, þ.e. kjörtímabilið milli aðalfunda 2024 og 2026.

Kjörnefnd SVP 2024 yfirfer framkomin framboð til stjórnar SVP og fulltrúaráðs Samtaka atvinnulífsins. Framboðsfrestur rennur út 22. febrúar 2024. Berist nefndinni fleiri en þrjú framboð til stjórnar SVP eða fleiri framboð til fulltrúaráðs Samtaka atvinnulífsins en sem nemur fulltrúasætum SVP munu kjörgögn væntanlega verða senda aðildarfyrirtækjum 23. febrúar 2024. Kosningarnar verða rafrænar og er áætlað að þær hefjist 28. febrúar 2024 og þeim ljúki 12. mars 2023 kl. 12:00.


*Um 7. dagskrárlíð*

Í ljósi afkomu síðasta reikningsárs leggur stjórn SVP til að við samþykktir SVP frá 26. maí 1999, með síðari breytingum, verði bætt nýju ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal veita aðilum að SVP, samkvæmt ákvæðum II. kafla, 3% afslátt af árgjaldi árið 2024. Afslátturinn skal veittur af árgjaldinu eftir að það hefur verið ákvarðað skv. 2. mgr. 9. gr. og skal jafnframt taka til lágmarks- og hámarksárgjalds.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



*Jón Ólafur Halldórsson*  
formaður